

Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ), kt. 490671-0139 og Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 gera með sér svohljóðandi

## Samning um afreksíþróttasvið MÍ



Ísafjarðarbær MÓTTAKIÐ 21. feb. 2019 Málsnr. <u>2018-04-0003</u> Frumrit - skilist til skjalasafns
--

MÍ skipuleggur starfsemi afreksíþróttasviðsins. MÍ semur við þjálfara íþróttafélaganna sem munu sinna þjálfun í sínum greinum. MÍ semur við Sjúkraþjálfun Vestfjarða um þrekæfingar fyrir nemendahópinn. MÍ leggur til kennara sem á hverri önn mun sinna einum skilgreindum fræðslubætti fyrir nemendur á sviðinu. MÍ leggur til húsnæði undir bóklega kennslu, auk rafmagns, nettengingar og kerfisstjórnar og annars rekstrarkostnaðar sem til fellur.

### Framlag MÍ á hverju skólaári:

Kennsla í MÍ, laun og launatengd gjöld (4 ein. pr. önn)	1.424.000,-
Styrktarþjálfun	366.000,-
Húsnæði, rafmagn nettenging, kerfisstjórn og annar kostnaður	120.000,-
Kynning og utanumhald	<u>200.000,-</u>
Samtals	<u>2.110.000,-</u>

Ísafjarðarbær leggur til kr. 1.911.613,- fyrir skólaárið 2018-2019. Styrkurinn er ætlaður í launagreiðslur til þjálfara íþróttagreinanna sem í boði eru. Auk þess leggur Ísafjarðarbær til tíma í íþróttahúsinu á Torfnesi sem eru annars ekki í notkun í samráði við forstöðumenn íþróttamannvirkja.

Samningsaðilum er heimilt að nýta nafn Menntaskólans á Ísafirði og Ísafjarðarbæjar í kynningar- og forvarnarefni.

Samningurinn gildir í 1 skólaár, skólaárið 2018-2019.

Ísafirði, 21. 02 2019

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Menntaskólans á Ísafirði